

**Nd.**

**91. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefndina í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, að því er snertir jörðina Ytribúðir í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og fleiri jarðir þar.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga.

1. gr.

Hreppsnefndinni í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild, til að láta eignarnám fram fara, að því er snertir jarðirnar Ytribúðir, Árbæ, Grundarhól og Meirihlíð, allar í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, og hverja um sig með öllum mannvirkjum, vertollum, búða- eða grunnleigum, ítökum, og hverjum öðrum hlunnindum eða rjettindum, er jörðunum fylgja, fylgt hafa, eða fylgja eiga, og hverju nafni, sem nefnast.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim óvilhóllum, dómkvöddum, mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hólshrepps greiðir allan matskostnaðinn.